

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir
Women Political Leaders Global Forum Foundation, nr. 825/2021.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr orðist svo:

Markmið stofnunarinnar er að ýta undir þátttöku kvenna í lýðræðislegum skoðanamótandi ferlum og efla þátttöku þeirra í þjóðþingum, þá sérstaklega í þróunarríkjum. Stofnunin er sjálfstæð, alþjóðleg og þverpólítísk samtök, stofnuð í þeim tilgangi að stuðla að framþróun samfélagsins með því að byggja stuðningsnet milli kvenþingmanna heimsins. Stofnunin er ekki rekin í gróðaskyni og er með aðsetur í Reykjavík.

Ráðstafa skal fjármunum stofnunarinnar í samræmi við tilgang hennar, t.a.m. með styrkjum og ráðstefnuhöldum.

Stofnuninni er frjálst að afla sér tekna, þ.m.t. með sjálfsaflafé og/eða með lánsfé.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Women Political Leaders Global Forum Foundation staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 19. október 2022,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrímsdóttir.